

Ed.

372. Framhaldsátt

um frumvarp til laga um þóknun til vitna.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta hefir orðið fyrir nokkrum breytingum í neðri deild, og eru breytingarnar þessar:

1. Fyrirsögn frumvarpsins hefir verið stytta, og felst nefndin á það.
2. Óstefndum vitnum er ætluð þóknun ekki síður en stefndum. Á það getur nefndin og fallist, þó svo, að vitni sæki dómþing að tilhlutun málsaðila, en ekki af sjálfshvötum.
3. Ferðakostnaður hefir verið lækkaður, og enginn ætlaður fyrir minni vegalengd en 10 km. á landi eða 5 km. á sjó. Nefndinni þykir þetta við of, og vill taka hjer upp ákvæðin, sem sama nefnd í neðri deild hefir sett í frumvarpinu um laun hreppstjóra.
4. Vitni er áskilinn rjettur til þess, að þóknun sje ákveðin í sama þinghaldi, er það hefir vitni borið. Á það felst og nefndin, en vill orða nokkuð á annan veg.

Ráðum vjer til, að frumvarpið nái fram að ganga, en háttv. deild samþykki við það eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Nú er manni stefnt í dóm til að bera vitni, og ber honum 50 aura þóknun fyrir hverja klukkustund, er hann tefst frá öðrum störfum vegna stefnunnar, þó eigi meira en 6 kr. um sólarhringinn. Sama er ef vitni mætir óstefnt að tilhlutun málsaðila.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Purfi vitni að ferðast frá heimili sínu 10 km. eða minna á landi, eða 5 km. á sjó eða minna, skal greiða því 1 kr. í ferðakostnað fyrir alt að 10 km. á landi eða alt að 5 km. á sjó. Ef vitni þarf að fara meiri vegalengd, greiðist því hlutfallslega sama þóknun fyrir þá vegalengd, sem um fram er. Þóknun þessa skal telja eftir samanlagðri vegalengd fram og aftur, en má ekki fara fram úr 6 kr. fyrir hvern sólarhring. Sje vitni burtu frá heimili sínu meira en sólarhring, fær það 25 aura í ferðakostnað fyrir hverja klukkustund. Ef vitni er búsett í kaupúni eða þorpi, greiðist ferðakostnaður því að eins, að það þurfi að fara út úr kaupúninu eða þorpinu.

3. Við 4. gr. Fyrir orðin: »sína í því þinghaldi« til enda, komi:
sína. Það skal gert í sama þinghaldi og ákvörðun um það bókuð.

Alþingi, 9. ágúst 1917.

Magnús Torfason,
formaður.

Kristinn Danielsson,
ritari.

H. Hafstein.